

Skýrsla

Nafn verkefnis:	Fjölbreytt námsmat í 2. bekk
Höfundur/höfundar:	Katrín Fjóla
Tímabil:	Skólaárið 2006-2007
Árgangur/árgangar:	2. bekkur

Stutt lýsing á verkefninu: Sýnismappa, leiðsagnarmat og sjálfsmat.

- Safnað var völdum verkefnum í sýnismöppu, sem þegar fram líða stundir ættu að gefa góða mynd af náms- og þroskaferli nemanda.
- Leiðsagnarmat var notað í auknu mæli þar sem rætt var við nemendur um frammistöðu þeirra í námi m.a. með því að bera saman verkefni sem lokið var við í 1. bekk við vinnu þeirra nú. Þá áformuðu krakkarnir vikulega hvernig þau ætluðu að standa sig í samskiptum og notað var sjálfsmat og kennaramat daglega.
- Sjálfsmat var notað í áformsbókum þar sem nemendur mátu hegðun sína og færni í samskiptum daglega. Var einnig notað til að meta valin verkefni í stærðfræði og samfélagsfræði. Þá mátu nemendur þrisvar yfir veturinn líðan sína í skólanum bæði í einstökum námsgreinum sem og í öðru skólstarfi t.d. frímínútum og matsal.

Hvað gekk vel? Gekk allt saman afar vel.

Sýnismöppurnar vekja mikla lukku bæði hjá nemendum og foreldrum. Krakkarnir eru meðvitaðri um framfarir sínar í námi og hegðun og eru jákvæð gagnvart öllu námi.

Hvað hefði mátt fara betur?

Frekar tímafrekt að velja og setja verkefni inn í sýnismöppur (en vel þess virði). Sumum hættir til að meta hegðun sína og samskipti betri en efni standa til. En þá gefst færi á að ræða við nemandann um það sem betur má fara.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Ég tel að námsmatið nýtist vel áfram og um að gera að gera nemendur virkari í að setja sér markmið og reyna að standast þau. Sýnismöppurnar eru komnar til að vera en auðvitað verður að endurskoða árlega hvað inn í þær fer og jafnvel grisja úr verkefni. Sjálfsmat er góð leið til að auka áhuga nemenda á að standa sig vel bæði náms og samskiptalega, kennari þarf að vera tilbúin að fylgja þessu eftir og vinna með heimilinu að umbótum.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Þar sem um unga nemendur er að ræða tel ég að þau álykti að svona sé unnið í 2. bekk og átta sig lítið á að um breytingu sé að ræða. Hinsvegar eru foreldrar almennt afar ánægðir og sérstaklega finnst þeim gaman að skoða sýnismöppur barna sinna og sjá hvað þeim fer fram í náminu.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Töluvert mikla í þá átt að námsmat er nú með fjölbreyttara hætti. Ég nýtti mér meira gát- og marklista og tel að ég hafi einnig rætt meira við nemendur um nám þeirra og reynt að sýna þeim fram á framfarir þeirra. Það ýtir undir metnað í námi og viljann til að standa sig enn betur. Ég tel sýnismöppurnar hreina snilld fyrir unga nemendur sérstaklega af því krakkarnir sjá sjálf hvað þeim fer mikið fram. Þau eru svo stolt af því hvað þau gera miklu betri og flottari verkefni í 2. bekk en í 1. bekk. Sýnilegt námsmat er markvissari leið fyrir unga nemendur en falleg orð á blaði þó slíkt námsmat sé auðvitað

nauðsynlegt líka. Þar sem ég hef nú starfað ansi lengi við kennslu tel ég að hér hafi ég fundið nýja leið sem ýti undir metnað og námsáhuga nemeanda ef rétt er á spilum haldið. Því má segja að verkefnið um námsmat hafi haft mjög jákvæð áhrif á kennsluhætti mína.